Föstudaginn 26. maí 1995.

Nr. 8/1995. **Bandalag háskólamanna f.h.**
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og
Félags íslenskra náttúrufræðinga
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
St. Jósepsspítala, Landakoti
(Kristján Þorbergsson hdl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Þorsteinn A. Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 17. maí sl., höfðaði Bandalag háskólamanna – BHMR kt. 630387-2569, Lágmúla 7, Reykjavík, fyrir Félagsdómi, f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, kt. 570194-2409, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík og Félags íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík á hendur St. Jósepsspítala, Landakoti, kt. 710169-5949, Reykjavík, með stefnu birtri 27. mars sl.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að eftirtaldar tilgreiningar á skrá, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. janúar 1995 sem auglýsing nr. 62/1995 um skrá St. Jósefsspítala, Landakoti, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, verði felldar úr gildi með dómi:

Deild/starfsstöð.	*Starfsmenn/staða.*
Skrifstofu hjúkrunarforstjóra.	Hjúkrunarframkvæmdastjóri (1,4).
Gangur 3A – Barnadeild.	Hjúkrunarfræðingar (11,6 stöðugildi).
	Morgunvakt (4,00).
	Kvöldvakt (3,00).
	Næturvakt (1,00 utan bráðavakta).
	Næturvakt (2.00 á bráðavakt).
Hafnarbúðir – Dagdeild.	Hjúkrunarfræðingur (1,00 stöðugildi).
Gangur 2B – Handlæknisdeild.	Hjúkrunarfræðingar (7,7 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,50).
	Kvöldvakt (2,00).
	Næturvakt (1,00).
Gangur 1B – Augndeild.	Hjúkrunarfræðingar (6,5 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,00).

	Kvöldvakt (1,63).
	Næturvakt (1,00).
Augnskoðun.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Augnskurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Gangur 3C – Dagdeild.	Hjúkrunarfræðingar (2).
Göngudeild – Lyflækningadeildar.	Hjúkrunarfræðingar (2).
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Svæfing.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Rannsóknarstofa.	Líffræðingur (1).
	Lífefnafræðingur (1).

2. Þá er krafist málskostnaðar að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega er þess krafist að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnenda.

Til vara er þess krafist að Félagsdómur kveði á um breytingar á þeim liðum í skrá stefnda nr. 62/1995, sem dómkröfur stefnenda varða, í samræmi við mat réttarins á mönnunarþörf samkvæmt ákvæðum 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu.

Um formhlið málsins.

Bandalag háskólamanna – BHMR kveðst vera bandalag stéttarfélaga háskólamenntaðra launamanna og upplýsir að innan raða þess séu einkum opinberir starfsmenn eða starfsmenn, sem falla undir lög 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Óumdeilt sé að starfsmenn stefnda falli undir téð lög. Bandalag háskólamanna – BHMR, upplýsir að meðal hlutverka þess sé að efla aðildarfélög sín og veita þeim þann styrk sem unnt er hverju sinni.

Meðal aðildarfélaga bandalagsins séu þau tvö stéttarfélög, sem höfði mál þetta. Sé sá háttur, sem viðhafður sé í máli þessu, þ.e. að veita Bandalagi háskólamanna – BHMR umboð til að koma fram fyrir hönd stéttarfélaganna tveggja, viðhafður þar sem í því felist mikið réttarfarshagræði og unnt sé að höfða eitt mál í stað tveggja. Tekið er sérstaklega fram að aflað hafi verið munnlegs samþykkis fyrirsvarsmanns stefnda við þessari aðferð. Eftir sem áður séu stéttarfélögin tvö stefnendur og sé þetta því í samræmi við 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Málsástæður stefnanda og önnur atvik.

Stefnendur upplýsa að hjá stefnda starfi félagsmenn þeirra, sem falli undir lög 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stefndi hafi í fyrsta sinn þann 25. janúar 1995 birt auglýsingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga 94/1986 um skrá yfir þá starfsmenn St. Jósefsspítala, Landakoti, sem samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru undanþegnir rétti til að taka þátt í verkfalli á vegum stéttarfélaga. Aðdragandi þess að skráin var birt hafi verið sú að þann 13. desember 1994 hafi stefndi sent félögunum bréf, þar sem kynnt eru drög að skrá þeirri sem síðar var birt. Telja stefnendur sérstaka ástæðu til að taka fram að stefndi hafi sent skrá þessa með góðum fyrirvara og óskað eftir athugasemdum af hálfu félaganna við skrána. Með bréfum, dags. 12. og 13. janúar 1995, hafi þeir sent athugasemdir við skrána og hafi stefnendur, einkum Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gert margar athugasemdir við skrána og gert kröfur um breytingar á henni.

Rökin fyrir kröfum félaganna um breytingar hafa einkum verið þau að tilgreining stefnda á skránni hafi verið langt umfram það sem þörf sé á til þess að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu eins og gert sé ráð fyrir í verkföllum, samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga 94/1986. Ekki hafi náðst samkomulag um breytingar á drögum að skrá, sem stefndi hafði sent og birti hann skrána sem var nr. 62/1995 í Stjórnartíðindum þann 25. janúar 1995. Stefnendur kveðast báðir hafa mótmælt skránni með sérstökum bréfum til stefnda og óskað eftir fundum.

Stefnendur telja óhjákvæmilegt að krefjast breytinga á skránni og í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga 94/1986 eru gerðar kröfur um að tilteknar tilgreiningar verði felldar niður af skránni. Eru rökin fyrir kröfunum einkum eftirfarandi:

Landakot sinni engum bráðavöktum, þ.e. sé það sem nefnt sé „elektivur" spítali, sem sinni aðeins aðgerðum af biðlistum, nema augndeild sem sé sú eina á landinu og barnadeild, sem sinni ennþá bráðavöktum. Þetta þýði að sjúkrahúsið geti stjórnað þeim fjölda sjúklinga, sem tekið er við og hafi m.a. lokað deildum á sumrin.

Almennt beri að hafa í huga að 14. gr. laga 94/1986 feli í sér að öllum félagsmönnum stefnanda sé heimil þátttaka í verkfalli til að knýja á um kjarakröfur félaganna. Gerð sé undantekning frá þessari heimild í 3.tl. 1. mgr. 19. gr. laga 94/1986 og sé þar tekið fram að sinna beri „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu" í verkfalli. Vakin er athygli á því að notað er hástig orðsins „nauðsynlegur" og leiði það þegar af orðskýringu að túlka beri ákvæðið þrengjandi lögskýringu.

Jafnframt beri að benda á að um sé að ræða frávik frá meginreglu og leiði það líka sjálfstætt til þrengjandi lögskýringar.

Þessa afstöðu hafi Félagsdómur margsinnis staðfest í dómum sínum.

Ljóst sé af framansögðu að tilgreining sú á skrám, sem boðin sé í 2. mgr. 19. gr. laga 94/1986, eigi einungis að fela í sér þau störf eða starfsmenn, sem nauðsynlegt er að séu undanþegin verkfalli til þess að hægt sé að sinna „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu". Telja því stefnendur að stefndu verði að færa fyrir því gild rök í hvert einstakt sinn hvers vegna viðkomandi þurfi að starfa til að fullnægja boði umrædds lagaákvæðis. Stefnendur kveða það einkum ráðast af tveimur atriðum, hvernig tilgreina beri þá sem eiga að vera í starfi til að sinnt sé nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Telja stefnendur að annars vegar þurfi að vera um viðmiðun að ræða sem feli í sér efnislega takmörkun á þeim verkefnum, sem unnin eru í verkfalli, þ.e þau þurfi að takmarkast við það sem teljist nauðsynlegt til þess að boði umrædds lagaákvæðis sé sinnt.

Hins vegar þurfi helst, þó það sé ekki nauðsynlegt ef fyrra atriðið feli í sér nægjanlega tilgreiningu, að tiltaka fjölda þeirra, sem eigi að vera undanþegnir rétti til að starfa í verkfalli.

Algengt hafi verið í eldri listum og í úrlausnum Félagsdóms að fallast á að tilgreining sem miðar við að störf skuli vera eins og á stórhátíðum sé efnislega nægjanleg einnig að því er varðar fjölda starfsmanna, enda liggi ljóst fyrir hverjir séu í störfum á stórhátíðum.

Tilgreining í auglýsingu nr. 62/1995 sé langt umfram það sem þörf sé á til að sinna kröfum umrædds lagaboðs.

Að því er varðar störf á einstökum deildum taka stefnendur fram eftirfarandi:

Mótmælt er að hjúkrunarframkvæmdastjóri (1,4) sé starfandi á skrifstofu hjúkrunarforstjóra í verkfalli. Stefnendur segja að ekki sé hægt að fallast á að slíkt sé nauðsynlegt til þess að sinnt sé kröfum um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Þeir geta hins vegar fallist á að einn hjúkrunarframkvæmdastjóri sé starfandi í verkfalli.

Að því er varðar tilgreiningu á gangi 3A – Barnadeild, þá telja stefnendur að 11,6 stöðugildi sé verulega umfram það sem þörf sé á til að unnt sé að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Það sé faglegt mat stefnandans, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, að

með 9 stöðugildum sé unnt að sinna fyrirmælum umrædds lagaákvæðis og verði stefndi að sanna að þörf sé meiri mönnunar.

Að því er varðar tilgreiningu á störfum í Hafnarbúðum – Dagdeild, þá taka stefnendur fram að þeir telji að deild þessi eigi að vera lokuð í verkfalli og þess vegna beri að fella niður tilgreiningu á störfum hjúkrunarfræðinga þar. Í því sambandi benda stefnendur á að dag- og göngudeildir í öldrunarþjónustu t.d. á ríkisspítölum séu yfirleitt lokaðar í verkfalli.

Að því er varðar Gang 2B – Handlæknisdeild, þá telja stefnendur að 7,7 stöðugildi sé langt umfram það sem þörf sé á til að sinna boði um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Stefnendur telja að nægilegt sé að 1 hjúkrunarfræðingur sé starfandi á hverri vakt, þ.e. morgunvakt, kvöldvakt og næturvakt, en auk þess mætti fallast á að 1 hjúkrunarfræðingur væri á gæsluvakt. Þar sem ekki hafi náðst samkomulag um þetta og tilgreining stefnda í skránni sé langt umfram það sem þörf sé á gerir stefnandi kröfur um að þessi tilgreining verði felld niður.

Gangur 1B – Augndeild. Tilgreiningin hér sé einnig langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Hafi stefndi engin rök fært að því hvers vegna hann tilgreinir svo mörg störf á þessari deild. Stefnendur, einkum stefnandinn Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, telur að nægilegt sé að starfandi sé einn hjúkrunarfræðingur á hverri vakt og eftir atvikum einn hjúkrunarfræðingur á gæsluvakt. Þar sem stefndi hafi ekki fallist á ábendingar um þetta sé óhjákvæmilegt að gera kröfu um að tilgreiningin í heild sinni sé felld niður.

Að því er varðar tilgreiningu á augnskoðun krefjast stefnendur þess að sú tilgreining, þ.e. hjúkrunarfræðingur (1), sé felld niður, enda sé ekki þörf á hjúkrunarfræðingi á augnskoðun í verkfalli. Stefnendur taka fram hér, að nauðsynlegustu augnskoðun sé sinnt af augndeild.

Þá telja stefnendur að tilgreining á augnskurðstofu sé umfram það sem þörf er á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og hafi stefndi engar sönnur fært fyrir því að þörf sé svo víðtækrar skilgreiningar. Stefnendur gera kröfur um að felld verði brott tilgreiningin: „Hjúkrunarfræðingur“ (1) úr auglýsingunni að því er varðar skurðstofu.

Gangur 3 C – Dagdeild. Stefnendur telja, að tilgreining á þessari

deild um hjúkrunarfræðinga (2) að störfum í verkfalli, svo og tilgreining um sama fjölda á lyflækningadeild sé umfram það sem þörf sé á. Þeir benda á að stefndi hafi ekki fært neinar sönnur fyrir því að þörf sé tilgreiningar með þessum hætti. Stefnendur taka fram að þeir hafi lagt til annars konar tilgreiningu, sem ætti að fela í sér fullnægjandi mönnun til þess að unnt væri að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu, en á það hafi ekki verið fallist og sé því krafan sett fram af þeirra hálfu, eins og raun ber vitni. Benda stefnendur einnig á hér, að dag- og göngudeildir annarra sjúkrahúsa, t.d. ríkisspítala, séu almennt lokaðar í verkföllum. Í tillögu stefnandans Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga til stefnda var lagt til, að krabbameinssjúklingum sé í verkfalli sinnt á göngudeild lyflækningadeildar eins og á öðrum sjúkrahúsum. Stefnendur telja, að þar sem ekki hafi náðst samkomulag um tilgreiningu þá sem auglýst var, hljóti það að vera krafa þeirra að sú tilgreining verði felld brott.

Stefnendur mótmæla tilgreiningu um störf á skurðstofu. Stefnendur telja, að þessi tilgreining sé langt umfram það sem þörf sé á til þess að fullnægja kröfum um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og engin þörf sé á stöðugri viðveru hjúkrunarfræðings á skurðstofu í verkfalli. Hér vilja stefnendur einnig minna á að Landakot sé ekki bráðasjúkrahús, en verulega sé þó dregið úr starfsemi skurðstofa á bráðasjúkrahúsum, t.d. Borgarspítala og ríkisspítölum.

Með sama hætti mótmæla stefnendur tilgreiningu um störf á svæfingu og telja að fella beri niður tilgreiningu um störf hjúkrunarfræðings (1) á svæfingu. Stæði þá eftir 1 hjúkrunarfræðingur á gæsluvakt allan sólarhringinn og telja stefnendur að una megi við þá tilgreiningu.

Þá er mótmælt tilgreiningu um störf á rannsóknarstofu, þ.e. störf líffræðings (1) og störf lífefnafræðings (1). Telja stefnendur, einkum stefnandi Félag íslenskra náttúrufæðinga, að þessi tilgreining sé langt umfram það sem þörf er á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Eðlilegasta tilgreiningin væri sú að á rannsóknarstofu yrði starfað samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi, en þar sem ekki hafi verið á þá ábendingu félagsins fallist sé óhjákvæmilegt að krefjast þess að tilgreiningin, eins og fram kemur í kröfugerðinni, sé felld niður.

Stefnendur vilja benda á í þessu sambandi, að í auglýsingu nr.

62/1995 sé tilgreining að því er varðar störf meinatækna þannig, að starfað skuli samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi.

Tilvísun stefnanda til helstu réttarreglna.

Stefnendur vísa til 19. gr. laga 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna kröfum sínum til stuðnings, sbr. sérstaklega 14. gr. þeirra laga.

Um málskostnaðarkröfuna er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er ekki gerður ágreiningur um málavaxtalýsingu stefnenda. Þó telur stefndi að minna sé úr því gert en skyldi, að St. Jósefsspítali reki einu augndeildina sem þjóni landsmönnum öllum sem bráðadeild gagnvart slysum og bráðasjúkdómum í augum og barnadeild spítalans sinni bráðveikum börnum á móti barnadeild Landspítalans að einum þriðja hluta.

Fyrsta ágreiningsefni máls þessa sé, hvort þörf sé á 1,4 stöðugildi hjúkrunarframkvæmdastjóra á skrifstofu hjúkrunarforstjóra svo sem skráin greinir, eða hvort stöðugildið eigi að vera 1,0 svo sem Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga telur.

Það er í milli ber felist í því að stefndi telur að hjúkrunarframkvæmdastjóri þurfi að vera á staðnum alla daga vikunnar en ekki aðeins 5 daga hennar eins og mat félagsins sé. Rök spítalans séu að nauðsynlegt sé að hjúkrunarframkvæmdastjóri, þ.e. ábyrgur yfirmaður, sé til staðar alla starfsdaga spítalans, en hann sé starfræktur alla daga ársins svo sem kunnugt er, en ekki aðeins 5 daga vikunnar.

Næsta ágreiningsefni varðar það hvort á gangi 3A – Barnadeild skuli í verkfalli starfa hjúkrunarfræðingar í 11,6 stöðugildum svo sem skráin greinir eða í 9 stöðugildum svo sem félagið telur.

Stefndi bendir á, að á deildinni séu 26 rúm. Deildin sinni bráðavöktum fyrir landið allt að ⅓ á móti Landspítalanum. Inn á deildina komi börn með bráðasjúkdóma, en einnig innkirtlasjúkdóma, sykursýki og krabbamein. Á deildinni sé vakt alla daga ársins fyrir sykursjúk börn og fyrir börn með augnsjúkdóma sem komi alls staðar að af landinu. Þá sé deildin opin fyrir hópi langveikra barna (um 20 börn) sem komi þegar þau þurfi á sjúkrahúsvist að halda. Í tengslum við deildina sé göngudeild sykursjúkra barna og bráðamóttaka (skyndivakt) sem einnig sinni göngudeildarþjónustu, en

ágreiningslaust sé með aðilum að hjúkrunarfræðingur í ½ stöðugildi starfi þar í verkfalli. Skrá stefnda geymi mat forsvarsmanna hans á lágmarksmönnunarþörf til að nauðsynlegasta þjónusta verði veitt í verkfalli, sem ekki geri ráð fyrir niðurskurði stöðugilda hjúkrunarfræðinga. Börn séu ekki lögð inn á deildina nema þau séu svo mikið veik að það sé óhjákvæmilegt, eða þau séu lögð inn af öryggisástæðum, s.s. vegna rannsókna sem þau undirgangast, eða aðgerða.

Þriðja ágreiningsefni málsaðila varðar dagdeildina í Hafnarbúðum, þar sem skrá stefnda ráðgerir að hjúkrunarfræðingur í 1 stöðugildi starfi í verkfalli, en félagið telur að loka beri deildinni í verkfalli.

Deild þessi sé opin á virkum dögum frá kl. 08:00 til 16:30. Þar komi 24 vistmenn í tveimur hópum, þar sem deildin rúmi 12 manns í senn og vistist skjólstæðingar hennar ýmis 2 eða 3 daga vikunnar. Umsóknir um vistun fari um öldrunarþjónustudeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Skjólstæðingar deildarinnar búi flestir einir, séu mismunandi mikið skertir andlega en ekki lasnari en svo að þeir geta hreyft sig með aðstoð eins starfsmanns, sem sæki þá heim, leiði út í bíl og flytji heim aftur. Margir þurfi heimahjúkrun þá daga sem þeir ekki koma á deildina og sumir jafnframt að kvöldi vistunardaga. Hjúkrun þeirra og þjónusta felist í andlegri og líkamlegri uppörvun með ýmsu móti, t.d. viðtölum, leiðbeiningum varðandi hjálpartæki, einnig leiðbeiningum og aðstoð varðandi framtíðaráætlanir. Vistmenn séu baðaðir, þeim sé gefið að borða, lyf tekin til fyrir þá, þeir stundi leikfimi, sjúkraþjálfun og fá læknisþjónustu. Þá séu þeir aðstoðaðir við handavinnu og blaðalestur. Þeir fái hár- og fótsnyrtingu og útiveru í umsjá starfsmanna yfir sumarið. Örvunin sem þessir einstaklingar hljóti, auk þess félagsskapar sem þeir njóta á dagdeildinni, geri það að verkum að þeir séu færir um að búa lengur á heimilum sínum. Meðferðin geri það að verkum að andleg og líkamleg heilsa þeirra batni eða standi í stað. Ef þjónustu þessarar nyti ekki við, myndi þessum skjólstæðingum deildarinnar hraka örar en ella, bæði andlega og líkamlega. Þörf þeirra fyrir heimaþjónustu og heimahjúkrun myndi aukast, sem og þörf þeirra fyrir varanlega stofnanavistun. Talsverðan hluta þessa fólks yrði að vista á stofnun ef deildin lokaði í verkfalli. Deildinni hafi verið lokað í sumarleyfi fyrir nokkrum árum, en neyð sú og angist sem það olli meðal skjólstæðinga hennar, hafi orðið

þess valdandi að slík áform séu ekki á dagskrá. Af sömu ástæðum geti forsvarsmenn spítalans ekki fallist á að rétt sé að loka deildinni í verkfalli. Á henni starfi að jafnaði hjúkrunarfræðingur í 1 stöðugildi.

Fjórða ágreiningsefni málsaðila varði handlækningadeild á gangi 2B þar sem skrá stefnda gerir ráð fyrir að hjúkrunarfræðingar starfi í 7,7 stöðugildum, en sjónarmið félagsins sé að þeir eigi að vera í 5,6 stöðugildum. Á handlækningadeild séu 22 rúm, þar af 6 með gjörgæsluútbúnaði sem ætluð séu öllum spítalanum. Þar með sinni deildin öllum bráðatilvikum sem upp koma, svo sem sjúklingum sem þurfa á öndunarvél að halda og þeim sem fá hjartsláttartruflanir. Á deild þessa séu lagðir sjúklingar sem fara í almennar skurðaðgerðir og þeir sem fá óvænta fylgikvilla. Skrá spítalans geri ráð fyrir að svo sé dregið úr starfsemi sem stjórnendur telja forsvaranlegt, en tillit hafi verið tekið til þess, að þrátt fyrir að stór hluti þeirra aðgerða sem fer fram á sjúklingum deildarinnar, sé skv. innköllunum, hafi á mörgum sjúklingum verið gerðar forrannsóknir, sem úreldist ef aðgerð dregst á langinn, og valdi þar með sjúklingum þjáningum umfram það sem forsvaranlegt verði að telja í ljósi fyrirmælanna um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Að jafnaði starfi á deildinni hjúkrunarfræðingar í 11–12 stöðugildum.

Á augndeild spítalans á gangi 1B gerir skrá stefnda ráð, fyrir að starfi hjúkrunarfræðingar í 6,5 stöðugildum en mat félagsins sé að þörf sé á störfum þeirra í 5,6 stöðugildum. Á augndeildinni sé bráðaþjónusta veitt fyrir landið allt, árið um kring varðandi slys og bráðasjúkdóma í augum. Á deildinni séu rúm fyrir 16 sjúklinga, en hún skiptist í legudeild, dagdeild og göngudeild (augnskoðun).

Vegna bráðaþjónustunnar telji forsvarsmenn stefnda ekki rétt að skera starfsemina meira niður en skráin ráðgerir. Algengustu aðgerðir á deildinni séu hins vegar vegna skýs á augasteini og gláku, sem jafnframt verði að sinna að nokkru marki þrátt fyrir verkfall. Að jafnaði starfi á augndeild hjúkrunarfræðingar í 6–7 stöðugildum.

Á göngudeildinni, augnskoðun, fari fram reglubundið eftirlit og bráðaþjónusta fyrir landið allt vegna sjónhimnusjúkdóma, hrörnunar á augnbotnum, sykursýki og æðasjúkdóma í augum. Þar fari og leiseraðgerðir fram og þar sé öll skoðunaraðstaða augndeildar. Það sé því útilokað að fallast á þau sjónarmið stefnanda að deild þessari

sé hægt að loka í verkfalli. Þar starfi að jafnaði hjúkrunarfræðingur í einu stöðugildi.

Sjöunda ágreiningsefni málsaðila varðar augnskurðstofu þar sem skrá spítalans gerir ráð fyrir að hjúkrunarfræðingur starfi í einu stöðugildi auk þess sem gæsluvakt sé allan sólarhringinn, en félagið telji síðarnefnda kostinn nægja einan. Mat forsvarsmanna spítalans sé, að óhjákvæmilegt sé að 1 stöðugildi sé mannað auk gæsluvaktarinnar til að lágmarksþjónustu verði haldið uppi með forsvaranlegum hætti. Svo sem nafnið bendir til sé augnskurðstofan sérhæfð skurðstofa rekin í tengslum við augndeild. Að jafnaði starfi augnskurðstofuhjúkrunarfræðingar í 3,4–4 stöðugildum.

Í áttunda lagi er ágreiningur með aðilum um þau tvö stöðugildi hjúkrunarfræðinga sem skrá stefnda greinir á gangi 3C – Dagdeild. Deild þessi sinni sjúklingum sem koma í aðgerðir sem framkvæma má án innlagnar. Sjúklingar komi til rannsóknar, komi í blóðgjafir og meðferð við krabbameini. Hluta þess sem þarna fer fram sé óhjákvæmilegt að telja annað en nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og mat forsvarsmanna stefnda sé að til þess þurfi hjúkrunarfræðinga í 2 stöðugildum. Á deildinni starfi að jafnaði hjúkrunarfræðingar í 3–4 stöðugildum.

Á göngudeild lyflækningadeildar, en níunda ágreiningsatriði aðila varðar hana, fari einnig fram meðferð við krabbameini, auk þess sem þar séu gerðar rannsóknir á meltingarfærum og lungum, m.t.t. krabbameins og annarra sjúkdóma. Skrá stefnda gerir ráð fyrir að þörf sé hjúkrunarfræðinga í 2 stöðugildum til að lágmarks starfsemi geti farið fram, þannig að samtals starfi hjúkrunarfræðingar í 4 stöðugildum á Dagdeild 3C og göngudeild lyflækningadeildar. Á göngudeildinni starfi annars að jafnaði hjúkrunarfræðingar í 3,8 stöðugildum.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga sé, ef málatilbúnaður þess sé rétt skilinn, þeirrar meiningar, að samtals sé þörf 4 hjúkrunarfræðinga við meðferð krabbameinssjúklinga á deildunum tveimur, sem sé sami fjöldi og skráin greinir, en virðist telja skilyrði að deild 3C – dagdeild sé lokað, sem stefndi lýsi alls endis útilokað, því fyrir liggi ákvörðun um að öll meðferð við krabbameini færist á þá deild, en rannsóknarstarfsemi á göngudeild lyflækningadeildar verði að sama skapi aukin. Hvorugri deildinni megi því loka í verkfalli, enda rann-

sóknarstarfsemi göngudeildar nauðsynlegt stuðningsstarf við meðferðardeildir spítalans.

Síðustu tvö ágreiningsefni stefnda og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga varði starfsemi skurðdeildar spítalans og svæfingardeildar í tengslum við hana. Skrá stefnda gerir ráð fyrir að á hvorum stað starfi hjúkrunarfræðingur í einu stöðugildi auk þess sem 1 sé á gæsluvakt á báðum deildum, þar sem félagið hins vegar telji að aðeins eigi að halda uppi gæsluvakt á deildunum tveimur.

Á almennri skurðdeild spítalans séu 4 stofur. Ein sé að mestu notuð fyrir beinaskurðaðgerðir nefnd stofa 1. Stofa 2 sé notuð fyrir almennar aðgerðir. Á stofu 3 fari m.a. fram háls- nef- og eyrnaaðgerðir, skoðanir o.fl. Stofa 4 sé eingöngu notuð fyrir blöðruspeglanir og þvagfæraaðgerðir. Starfræksla skurðstofanna sé óhjákvæmilegur þáttur í starfrækslu spítalans. Bakvaktir séu vegna sjúklinga sem veikjast skyndilega innan spítalans eða eftir að heim er komið eftir aðgerð. Þá sinni skurðdeildin sérstökum þörfum barnadeildar spítalans. Svonefnd vöknun sé á skurðstofugangi auk þess sem þar fari fram sótthreinsun áhalda og umbúða fyrir allan spítalann. Á skurðdeildinni starfi að jafnaði hjúkrunarfræðingar í 7,5–8 stöðugildum og á svæfingadeildinni í 3,5–4 stöðugildum.

Ágreiningsefni stefnda og Félags íslenskra náttúrufræðinga varði það hvort á rannsóknarstofu spítalans skuli í verkfalli starfa í sitt hvoru stöðugildinu, líffræðingur og lífefnafræðingur svo sem skrá stefnda greinir, eða hvort hvorugri stöðunni sé gegnt í verkfalli svo sem sjónarmið félagsins leiði til, en það telji að rannsóknarstofan skuli starfrækt svo sem um stórhátíðir. Stefndi geti ekki fallist á þau sjónarmið og telji óhjákvæmilegt að þessum tveimur stöðum sé gengt í verkfalli og hafni viðmiðun við stórhátíðir. Rökin séu þau að stórhátíðafyrirkomulag vari 1–2 daga og á svo stuttu tímabili sé hægt að komast af með fyrirkomulag sem ekki dugar, þegar stöðvun varir viku, eða vikur eins og reynslan sýni að kunni að verða reyndin í verkföllum. Verkföll og stórhátíðir eigi því fátt sameiginlegt.

Rannsóknir þær sem greindir starfsmenn sinna megi að mati stefnda ekki leggjast af, til að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu verði haldið uppi á spítalanum, en þær felist m.a. í hormónamælingum, mælingum á æxlisvísum, sem eru efni sem myndast við krabbamein, og mælingum á vissum vítamínum, s.s. B 12 og fólinsýru (hormónadeild). Á próteindeild séu mæld almenn prótein, lyf,

æxlisvísar, auk þess sem ýmsar rannsóknir séu gerðar í ónæmisfræði. Að jafnaði starfi fjórir náttúrufræðingar á rannsóknarstofu spítalans, sem starfi í nokkrum undirdeildum, en starfssvið náttúrufræðinga sé bundið sitt hvorri undirdeildinni, sem skýri nauðsyn þess að tveir séu við störf í verkfalli, annar á hormónadeild, en hinn á próteindeild. Viðmiðun við meinatækna hafnar stefndi, enda séu meinatæknar á bakvöktum um stórhátíðir, en náttúrufræðingar ekki.

Skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 skuli vinnuveitandi birta skrá um störf þau sem falla undir 3.–6. tl. 1. mgr. greinarinnar. Þar á meðal er skrá um störf að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu.

Síðan segir: „Andmæli gegn breytingum á skrám skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu."

Þessi fyrirmæli laganna verða vart skilin með öðrum hætti, en að fyrsta skrá hlutaðeigandi vinnuveitanda sæti ekki dómsúrlausn Félagsdóms, heldur einvörðungu breytingar sem á henni kunna að verða gerðar þaðan í frá.

Verði á þennan skilning fallist ætti það að leiða til frávísunar, því skrá stefnda nr. 62/1995 í B-deild Stjórnartíðinda er sú fyrsta sinnar tegundar gagnvart félagsmönnum stefnenda.

Telji dómurinn þrátt fyrir ákvæði laganna sér heimilt að taka dómkröfur stefnenda til efnisúrlausnar, færir stefndi þessa málsástæðu fram til sýknu.

Fallist Félagsdómur ekki á sýknu á grundvelli málsástæðu þessarar, bendir stefndi á að ágreiningur aðila máls þessa varði atriði sem samkvæmt eðli sínu séu mjög matskennd.

Stefndi hafi leitað samráðs og samkomulags við hlutaðeigandi stéttarfélög um gerð þeirrar skrár sem honum beri að láta birta skv. ákvæðum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, en samkomulag hafi ekki tekist í þeim atriðum sem rakin eru hér að framan.

Þegar um svo matskennda hluti sé að ræða sem hér greinir sé ákveðnum annmörkum háð að tilgreina nákvæmlega forsendur fyrir matsniðurstöðu svo sem framanrakin umfjöllun beri með sér.

Jafnframt sé ljóst að stefnendur eigi í hliðstæðum erfiðleikum við rökstuðning andmæla sinna gegn matsniðurstöðu forsvarsmanna spítalans, því sá rökstuðningur sem færður sé fram til stuðnings

stefnukröfum sé aðallega sá að „faglegt mat stefnenda sé“ tiltekin niðurstaða án þess að forsendur þess mats séu tíundaðar.

Stefndi telur að í ljósi stjórnunarskyldna sinna og ábyrgðar sinnar gagnvart því að haldið sé uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu í verkfalli, beri að túlka vafa um mönnunarþörf í ljósi þeirrar skyldu sem á stefnda hvílir um gerð og birtingu skrárinnar.

Þar af leiðandi hljóti stefndi að mótmæla þeim sjónarmiðum stefnenda, að það eitt að þeir andmæli tiltekinni mönnunarþörf, dugi til þess að fella sönnunarbyrði á stefnda, þannig að ef honum takist ekki samkvæmt sönnunarreglum réttarfars að sanna lögfullri sönnun tiltekna mönnunarþörf eigi að fella þau störf sem um er deilt af skrá.

Stefndi telur að gera verði þær kröfur til andmæla gegn einstökum tilgreiningum á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, að efnisleg rök fyrir andmælunum komi fram.

Samkvæmt framansögðu byggir stefndi á því, að sú framsetning rökstuðnings stefnenda, að undanþágur frá verkfallsrétti eigi að túlka þröngt, að krefjast lokunar tiltekinna deilda, að lýsa mönnun langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu, að lýsa faglegt mat sitt vera tiltekna niðurstöðu, dugi ekki til þess að sönnunarbyrði í réttarfarslegum skilningi sé velt á stefnda.

Þessi framsetning rökstuðnings fyrir stefnukröfum feli ekki í sér efnislegan rökstuðning, þannig að stefnendur hljóti að teljast bera hallann af því að staðhæfingar þeirra sannast ekki, enda beinist andmæli þeirra að því að hnekkja skrá sem búin hafi verið úr garði og birt af hálfu stefnda í samræmi við þær skyldur sem á honum hvíla lögum samkvæmt.

Þá geti það vart talist á valdsviði Félagsdóms að mæla fyrir um að tilteknar deildir skuli sameinaðar eða lokað, gegn andmælum stefnda sem í ljósi skyldna sinna telji sér skylt að halda þeim opnum, sbr. umfjöllun um Dagdeild á gangi 3C og göngudeild lyflækningadeildar hér að framan, en einnig augnskoðun og dagdeild í Hafnarbúðum, eða mæla fyrir um vinnu skv. stórhátíðafyrirkomulagi.

Forsendur útreiknings.

Við útreikning á fjölda stöðugilda, sem þurfi til að manna deildir þar sem vaktir eru gengnar sé byggt á eftirfarandi forsendum:

Í árinu eru 52 vikur.
5 vinnudagar á viku hverri, 8 tímar m.v. fullt starf.
260 vinnudagar á ári.
12 mánuðir eru í árinu.
21,67 vinnudagar að meðaltali í mánuði er fullt starf eða 1 stöðugildi.
Í árinu eru 365 sólarhringar.
12 mánuðir í árinu
30,4 sólarhringar að meðaltali í mánuði.
Sólarhringnum er skipt í þrjár 8 klst. vinnuvaktir
morgunvaktir 30,4
kvöldvaktir 30,4
næturvaktir 30,4
samtals 91,2 vinnuvaktir í mánuði.
Til að manna sólarhringsvaktir í 1 mánuð með 1 stöðu á vakt, þufi 4,2 stöðugildi (91,2/21,67 = 4,2).

Mismunandi sé eftir ráðningarsamningum hvort einstaklingar séu eingöngu á tiltekinni vakt s.s. morgunvakt, eða gangi skiptivaktir. Eins sé starfshlutfall mjög mismunandi.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu fyrir dóminum Hildur Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Ágreiningur er með aðilum um það hvort Hildur Einarsdóttir, sem er formaður kjaranefndar Félags ísl. hjúkunarfræðinga en situr ekki í samninganefnd félagsins, hafi vitna- eða aðilastöðu í málinu.

Fram kom hjá formanni kjaranefndar félagsins, að kjaranefnd fari með kjara- og réttindamál félagsmanna fyrir hönd stjórnar. Kjaranefnd sé ekki samninganefnd á vegum félagsins. Stjórn félagsins fari með samningamál. Við gerð upphaflegra lista eftir setningu laga nr. 94/1986 hafi verið höfð sem meginregla að til þess að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu þyrfti að hafa um ⅓ af starfsemi spítalanna opinn og ⅔ af öldrunar- og endurhæfingarþjónustu. Höfð hafi verið sú viðmiðun að listar ríkisspítalanna skyldu vera fordæmi fyrir aðra spítala. Samkvæmt núgildandi lista ríkisspítala sé helmingur opinn, þannig að þetta hafi orðið rýmra með tímanum með tilliti til reynslu.

Formaður kjaranefndar taldi að þær deildir sem lokaðar séu í sumarleyfum geti verið lokaðar í verkfalli.

Í desember 1994 hafi Félag ísl. hjúkrunarfræðinga fengið send

drög að listum til umsagnar. Við mótun afstöðu til þessara lista hafi félagið myndað vinnuhóp á hverjum spítala og í þeim vinnuhópi hafi verið hjúkrunarfræðingar af staðnum. Á Stór-Reykjavíkursvæðinu hafi verið fundað með hjúkrunarstjórninni til þess að fá þeirra viðhorf líka. Mótmæli félagsins hafi byggst á þeim upplýsingum sem félagið fékk af hverjum stað.

Í allri vinnu við gerð undanþágulistanna hafi Félag ísl. hjúkrunarfræðinga reynt að sýna sanngirni þannig að allir fái sömu meðferð. Félagið telji að þörf sé á að hafa einn hjúkrunarframkvæmdastjóra inni fyrir ca. hverja 200 sjúklinga sem séu á stofnun. Á ríkisspítölunum séu 1000 sjúklingar og þar sé talin þörf á 5 hjúkrunarframkvæmdastjórum í verkfalli. Landakot sé um það bil 200 rúma spítali og þessvegna telji félagið nægjanlegt að hafa einn hjúkrunarframkvæmdastjóra við störf í verkfalli. Við gerð listanna 1986 hafi engir hjúkrunarframkvæmdastjórar verið inni. Á auglýsingu í kringum 1990 hafi komið inn einn hjúkrunarframkvæmdastjóri á ríkisspítölum.

Í dag séu tæplega 13 stöðugildi á barnadeild Landakots þegar allt er í fullum rekstri og því telji Félag ísl. hjúkrunarfræðinga 11,6 stöðugildi of mikið í verkfalli. Félagið telji eðlilegt að í verkfalli séu notuð 15 rúm en þegar allt er í fullum rekstri séu þarna notuð 26 rúm. Á barnadeild Hringsins séu 2 gangar en í verkfalli sé bara annar gangurinn opinn samkvæmt listanum. Bráðaþjónusta við veik börn á Íslandi fari fram á þessum tveim spítölum, barnadeild Hringsins og barnadeild Landakots. Barnadeild Hringsins taki ⅔ af þjónustunni en Landakot ⅓. 15 rúm séu meira en helmingur þess sem opinn er í fullum rekstri.

Vegna dagdeildar Hafnarbúða tók formaður kjaranefndar fram, að sjónarmið Félags ísl. hjúkrunarfræðinga sé að öll dagdeildar- og göngudeildarþjónusta eigi að vera lokuð í verkfalli nema þjónusta við krabbameinssjúklinga. Félagið telur að sú þjónusta skuli alltaf veitt. Dagdeildar- og göngudeildarþjónusta sé lokuð í verkfalli hvar sem er á landinu.

Á handlæknisdeild, gangi 2B, séu 11–12 stöðugildi þegar allt sé í fullum rekstri. Félag ísl. hjúkrunarfræðinga telur nægjanlegt að þarna séu 5,6 stöðugildi til þess að sinna nauðsynlegustu þjónustu í verkfalli og byggir þá skoðun á því að þarna sé um biðlista sjúkrahús að ræða.

Á augndeild, gangur 1B á legudeild, þar séu á milli 6–7 stöðugildi venjulega. Boð Félags ísl. hjúkrunarfræðinga hafi verið 5,6 stöðugildi, en það telji félagið nægjanlegt til þess að halda uppi nauðsynlegustu þjónustu. Þetta sé eina augndeild landsins. Allar biðlistaaðgerðir ættu að geta beðið í verkfalli. Félagið hafi jafnframt boðið upp á 1 hjúkrunarfræðing á gæsluvakt allan sólarhringinn, sem gæti komið strax ef eitthvert neyðarástand skapaðist.

Augnskoðun. Þar sé venjulega 1 hjúkrunarfræðingur á virkum dögum. Þetta sé göngudeild sem félagið telur að eigi að vera lokuð. Sjúklingum sé mjög oft sinnt af hjúkrunarfræðingum á legudeildinni ef hjúkrunarfræðing vantar á augnskoðunardeildina. Félagið telur því að hjúkrunarfræðingar á legudeild ættu að geta sinnt sjúklingum á augnskoðunardeild í bráðatilvikum sem þar kynnu að koma inn. Félagið telur nægjanlegt að hafa 1 hjúkrunarfræðing á gæsluvakt til þess að sinna bráðaaðgerðum sem upp kynnu að koma.

Gangur 3C, dagdeild og göngudeild, á þessum báðum deildum sé veitt þjónusta við krabbameinssjúklinga, sem félagið vill ekki að falli niður. Önnur þjónusta sem veitt er á þessum deildum, svo sem eins og speglanir, telur félagið að eigi að vera lokuð í verkfalli. Betra sé í verkfalli að loka annari deildinni en að hafa einhverja þjónustu á þeim báðum. Tillaga félagsins sé því að annarri deildinni sé lokað í verkfalli. Á ríkisspítölum séu speglanadeildir lokaðar í verkfalli.

Skurðstofur. Þarna sé um biðlistaspítala að ræða og því sé nægjanlegt að hafa 1 hjúkrunarfræðing á gæsluvakt til þess að sinna bráðatilvikum. Sömu rök gildi um svæfingu.

Kjarasamningur Félags ísl hjúkrunarfræðinga og Landakots gildi til 31. desember 1995.

Niðurstaða.

Samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 96/1986, er það meginregla að þeim starfsmönnum sem lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954 taka til, er heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum sem tilteknar eru í lögunum. Af því leiðir að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, heimilt að gera verkfall og samkvæmt 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkom-

andi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitenda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögunum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna er þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu óheimilt að gera verkfall. Fjármálaráðherra og sveitarfélög skulu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna birta skrá um störf þau sem m.a. falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög. Samkvæmt 2. gr. laganna gilda ákvæði laganna einnig um starfsmenn sjálfseignastofnana sem starfa í almannaþágu samkvæmt lögum, eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði af daggjöldum eða úr sveitarsjóði, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana. Starfsmenn stefnda falla undir ákvæði laganna samkvæmt þessari grein og hefur stefndi því sömu skyldur og fjármálaráðherra og sveitarfélög til að birta skrá um þá sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Fyrsta skrá stefnda um starfsmenn sem falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna var birt í B-deild stjórnartíðinda sem nr. 62/1995. Óumdeilt er að skráin var birt að undangengnu lögbundnu samráði við stefnendur. Þrátt fyrir orðalag í síðasta málslið 2. mgr. 19. gr. laganna verður að telja það í andstöðu við meginreglu laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna um verkfallsrétt opinberra starfsmanna ef ekki er unnt að bera undir Félagsdóm ágreining um fyrstu skrá sem birt er samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna.

Ágreiningur aðila máls þessa er um mat á því hversu margir félagsmenn stefnanda skuli undanþegnir rétti til verkfalls svo stefndi geti haldið upp nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru ekki ákvæði um viðmiðanir í þessum efnum. Með athugasemdum er fylgdu frumvarpi til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er það var lagt fyrir Alþingi var á fylgiskjali nr. 2 starfsheitaskrá skv. 3. tl. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í athugasemdunum kemur fram að skrá þessi sé samin af fulltrúum fjármálaráðuneytisins og heildarsamtaka opinberra starfsmanna. Í athugasemdum með 19. gr. laganna kemur fram það viðhorf að þessari skrá sé „ætlað að vera fyrirmynd að hliðstæðum listum sem ekki hefur unnist tími til að fullgera“ eins og þar segir. Í málinu er því haldið fram að við gerð þessa lista hafi verið við það miðað að á sjúkrahúsi sem sinni bráðaþjónustu væri ⅓ af starfsemi bráðadeilda opinn og ⅔ hluti öldrunar-

deilda. Að fenginni reynslu af verkföllum opinberra starfsmanna sé almennt viðhorf nú að u.þ.b. helmingur af starfsemi bráðadeilda sé opinn í verkfalli.

Óumdeilt er að stefndi sinnir ekki bráðavöktum nema á augndeild, sem er sú eina á landinu og barnadeild á móti Landspítala.

Eins og áður segir lúta undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli þrengjandi lögskýringu. Af því leiðir að ef ágreiningur er um tilgreiningu á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna verður sá sem gefur slíka skrá út að sýna fram á að tilgreining þar sé ekki umfram það sem þörf er á til að nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu verði haldið uppi.

Verður nú fjallað um einstakar tilgreiningar.

Skrifstofa Hjúkrunarforstjóra – Hjúkrunarframkvæmdastjóri (1,4)

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að þörf sé að því að hjúkrunarframkvæmdastjóri sé til staðar alla daga vikunnar. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Gangur 3A – Barnadeild.	Hjúkrunarfræðingar (11,6 stöðugildi).
	Morgunvakt (4,00).
	Kvöldvakt (3,00).
	Næturvakt (1,00 utan bráðavakta).
	Næturvakt (2,00 á bráðavakt).
Hafnarbúðir – Dagdeild.	Hjúkrunarfræðingur (1,00 stöðugildi).
Gangur 2B – Handlæknisdeild.	Hjúkrunarfræðingur (7,7 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,50).
	Kvöldvakt (2,00).
	Næturvakt (1,00).
Gangur 1B – Augndeild.	Hjúkrunarfræðingur (6,5 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,00).
	Kvöldvakt (1,63).
	Næturvakt (1,00).
Augnskoðun.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Augnskurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Svæfing.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Rannsóknarstofa.	Líffræðingur (1).
	Lífefnafræðingur (1).

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að framangreindar tilgreiningar

séu ekki umfram það sem nauðsynlegt er til að hann geti haldið uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Ber því að fella framangreindar tilgreiningar út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Gangur 3C – Dagdeild.	Hjúkrunarfræðingar (2).
Göngudeild – Lyflækningadeildar.	Hjúkrunarfræðingar (2).

Í málflutningi stefnanda og gögnum málsins kemur fram að komi til verkfalls þurfi 4 hjúkrunarfræðinga til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sem almennt er sinnt á þessum deildum. Ágreiningurinn snýst um það að stefnendur telja að í verkfalli eigi að loka gangi 3C – dagdeild, en nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu í verkfalli, sem almennt er sinnt á þeirri deild, verði flutt yfir á göngudeild lyflækningadeildar. Þar sem ekki er ágreiningur um það vinnumagn sem nauðsynlegt er talið að hjúkrunarfræðingar inni af hendi komi til verkfalls hjá stefnda er það á valdi hans að ákveða með hvaða fyrirkomulagi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu verði sinnt. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda varðandi þessar tilgreiningar.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000,00 án tillits til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 62/1995 skal fella niður eftirfarandi:

Skrifstofa Hjúkrunarforstjóra.	Hjúkrunarframkvæmdastjóri (1,4).
Gangur 3A – Barnadeild.	Hjúkrunarfræðingar (11,6 stöðugildi).
	Morgunvakt (4,00).
	Kvöldvakt (3,00).
	Næturvakt (1,00 utan bráðavakta).
	Næturvakt (2,00 á bráðavakt).
Hafnarbúðir – Dagdeild.	Hjúkrunarfræðingur (1,00 stöðugildi).
Gangur 2B – Handlæknisdeild.	Hjúkrunarfræðingar (7,7 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,50).
	Kvöldvakt (2,00).
	Næturvakt (1,00).
Gangur 1B – Augndeild.	Hjúkrunarfræðingar (6,5 stöðugildi).
	Morgunvakt (2,00).
	Kvöldvakt (1,63).
	Næturvakt (1,00).

Augnskoðun.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Augnskurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Svæfing.	Hjúkrunarfræðingur (1).
Rannsóknarstofa.	Líffræðingur (1).
	Lífefnafræðingur (1).

Stefndi, St. Jósepsspítali, Landakoti, greiði stefnanda Bandalagi Háskólamanna f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Félags íslenskra náttúrufræðinga, í málskostnað kr. 100.000,00.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar

Málsaðilar deila um mönnunarþörf hjúkrunarfræðinga og náttúrufræðinga í verkfalli á síðargreindum deildum sjúkrahússins. Hvað sem segja má um, að undantekningar frá þátttöku í verkfalli sæti þrengjandi lögskýringu er meta skal hve mikil mönnun þurfi að vera til að halda uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986, er ljóst að ekki reynir á um sönnun um hæfilega mönnun fyrr en aðila skilur á um hver hún skuli vera. Að því leyti sem sjónarmið aðila falla saman er ekki um ágreining að ræða og er dómur bundinn af afstöðu þeirra. Á sönnun reynir þannig fyrst um þá mönnun sem aðila skilur á um. Ákvörðun um mönnun til að fullnægja nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu er svo matskennd, að hún verður aðeins byggð á mati dómsins að álitum, svo fremi að ekki liggi fyrir mat óháðs aðila til stuðnings. Telja verður, að samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skuli liggja fyrir listi að gerðum breytingum dómsins. Stefnendur eru að verulegu leyti sammála mönnun á lista sjúkrahússins. Þeir krefjast þess, að ýmsar tilgreiningar á skránni „verði felldar úr gildi með dómi". Kröfugerðin svo löguð sýnist ekki veita dómnum svigrúm til að dæma um hin eiginlegu ágreiningsefni.

Verður nú vikið að einstökum kröfuliðum.

(Tala innan sviga táknar stöðugildi).

Hjúkrunarframkvæmdastjóri.

Í stöðum hjúkrunarframkvæmdastjóra munu nú vera 2,2 störf. Stefnandi kveðst í málflutningi sínum geta fallist á, „að einn hjúkrunarframkvæmdastjóri sé starfandi í verkfalli“, en engin krafa er gerð þar um. Ekki teljast því efni til að fella tilgreininguna, 1,4 störf, af skrá sjúkrahússins.

Hafnarbúðir – dagdeild (1).

Það er á valdi sjúkrahússtjórnar að ákveða hvaða einstakar spítaladeildir skuli reknar í verkfalli eða sameinaðar, en ekki stéttarfélaga eða Félagsdóms. Til þess skortir lagaheimild. Samkvæmt því er fram kemur í gögnum málsins um starf deildarinnar og ástand vistmanna þar er fallist á, að hið tilfærða stöðugildi hjúkrunarfræðings á skránni falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Ber því að hafna þessum kröfulið stefnanda.

Gangur 3A – barnadeild (11,6), Gangur 2B – handlækningadeild (7,7), Gangur 1B – augndeild (6,5), Gangur 3C – dagdeild (2), Göngudeild lyflækningadeildar (2).

Á ofangreindum deildum fer fram verulegur hluti af starfrækslu spítalans, sem felur m.a. í sér bráðaþjónustu og bráðavaktir fyrir landið allt í sumum tilvikum. Stefnendur krefjast niðurfellingar á tilgreiningum á störfum á deildum þessum, en hafa í málflutningi viðurkennt þörf spítalans fyrir a.m.k. ¾ hluta af störfunum til að unnt megi vera að halda uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Augljóst er að yrði krafa stefnanda, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, tekin til greina færi það í bága við 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Ber því að hafna kröfunni.

Augnskoðun.

Talið er að á Augnskoðun starfi að jafnaði einn hjúkrunarfræðingur. Af málflutningi er ekki ljóst hvernig starfsstaður þessi tengist Augndeild spítalans eða hvort hann er hluti hennar. Þykir því ekki fram komið, að starf hjúkrunarfræðingsins falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Er krafa stefnanda því tekin til greina.

Augnskurðstofa (1).

Talið er að á augnskurðstofu starfi að jafnaði hjúkrunarfræðingar í 3,4–4 stöðugildum. Augnskurðstofan telst sérhæfð skurðstofa rekin í tengslum við Augndeild. Þegar til þess er litið hve mjög er dregið úr störfum þar á hjúkrunarsviði, þykir eftir atvikum rétt að hafna kröfu stefnanda, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Skurðstofa (1) – Svæfing (1).

Á skurðstofu er talið, að starfi hjúkrunarfræðingar í að jafnaði 7,5–8 stöðugildum og á svæfingadeildinni í 3,5–4 stöðugildum. Fallast má á, að spítalanum sé nauðsynlegt, að hafa nokkurn viðbúnað á hjúkrunarsviði á þessum deildum vegna almenns rekstrar síns sem og þeirra er veikjast skyndilega innan spítalans eða eftir að heim er komið úr aðgerð. Einnig vegna sótthreinsunar áhalda og umbúða fyrir allt sjúkrahúsið. Þegar til þess er litið, hve mjög er dregið úr störfum hjúkrunarfræðinga, þykja ekki efni til að fella hinar umdeildu tilgreiningar af skrá spítalans.

Rannsóknarstofa (2).

Talið er að á rannsóknarstofu sjúkrahússins starfi að jafnaði 4 náttúrufræðingar. Telja verður rannsóknarstofuna slíka grundvallareiningu í rekstri spítalans, að störf þar a.m.k. að hluta, falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Verður því að hafna kröfu um að fella störf þar af skrá sjúkrahússins.

Eftir atvikum telst rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 62 1995 skal fella niður eftirfarandi: Augnskoðun – Hjúkrunarfræðingur (1).

Málskostnaður fellur niður.